# Bjargráðasjóður

## Ársreikningur 2018

Bjargráðasjóður
Hagatorgi Bændahöll
107 Reykjavík
kt. 460169-6669

# Efnisyfirlit


| | Bls. |
|---|---|
| Áritun óháðs endurskoðanda | 3 |
| Skýrsla stjórnar | 4 |
| Rekstrarreikningur | 5 |
| Efnahagsreikningur | 6 |
| Sjóðstreymi | 8 |
| Skýringar | 9 |

# Áritun óháðs endurskoðanda

**Til stjórnar og hluthafa Bjargráðasjóðs**

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Bjargráðasjóðs fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, yfirlit yfir heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, eiginfjáryfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2018, efnahag hans 31. desember 2018 og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga.

**Grundvöllur fyrir áliti**

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Bjargráðasjóði í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Aðrar upplýsingar**

Ársreikningur ársins 2017 var endurskoðaður af öðrum en okkur án fyrirvara.

**Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum**

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Bjargráðasjóðs Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

# Áritun óháðs endurskoðanda frh.

**Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins**

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanlega vissa er mikil vissa, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

• Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

• Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.

• Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

• Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sjóðsins.

• Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbygginguna, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum til að tryggja óhæði okkar.

# Áritun óháðs endurskoðanda frh.

**Staðfesting vegna annara ákvæða laga**

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Löggiltur endurskoðandi

Garðabæ, 3. apríl 2019

**Endurskoðun og Ráðgjöf ehf.**

Agnar Páll Ingólfsson
Löggiltur endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar

Bjargráðasjóður er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. Hlutverk Bjargráðasjóðs skv. lögum nr. 49/2009 er að veita einstaklingum og félögum fjárhagsaðstoð til að bæta meiri háttar beint tjón af völdum náttúruhamfara

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og íslenskar reikningsskilavenjur.

Stjórn Bjargráðasjóðs var skipuð þann 22. mars 2018.

*Rekstur ársins 2018*

Afkoma af rekstri sjóðsins á rekstrarárinu nam 3,5 m.kr. Eigið fé í lok ársins var jákvætt um 191,1 m.kr. skv. efnahagsreikningi. Fé Bjargráðasjóðs, sem ekki hefur verið ráðstafað skal ávaxtað með sem tryggustum og hagkvæmustum hætti samkvæmt nánari ákvörðun stjórnarinnar.

*Yfirlýsing stjórnar*

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu á árinu 2018, efnahag 31. desember 2018 og breytingu á eigin fé á árinu 2018 í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikinga.

Stjórn Bjargráðasjóðs staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Reykjavík, 3. apríl 2019

Stjórn:

# Rekstrarreikningur ársins 2018

| | Skýr | 2018 | 2017 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Framlag ríkissjóðs | | 8.800.000 | 8.800.000 |
| Búnaðargjald | | 0 | 11.580.500 |
| Rekstrartekjur alls | | 8.800.000 | 20.380.500 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Vaxtatekjur | | 9.045.449 | 20.007.372 |
| Vaxtagjöld | | (2.102) | (302.276) |
| Fjármagnstekjuskattur | | (1.126.876) | (2.237.466) |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) alls | | 7.916.471 | 17.467.630 |
| **Samtals** | | 16.716.471 | 37.848.130 |
| **Styrkveitingar** | | | |
| Tjónabætur - Almenn deild | | 9.524.455 | 4.781.269 |
| Tjónabætur - Búnaðardeild | | 0 | 9.299.931 |
| Styrkveitingar alls | | 9.524.455 | 14.081.200 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 3 | 1.270.787 | 3.516.702 |
| Sérkostnaður | | 2.373.796 | 2.142.686 |
| Rekstrargjöld alls | | 3.644.583 | 5.659.388 |
| **Samtals** | | 13.169.038 | 19.740.588 |
| **Afkoma ársins** | | 3.547.433 | 18.107.542 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2018

## Eignir

| | Skýr | 2018 | 2017 |
|---|---|---|---|
| **Veltufjármunir** | | | |
| Ógreidd framlög | | 6.600.000 | 0 |
| Handbært fé | 2 | 185.708.109 | 466.934.331 |
| Veltufjármunir alls | | 192.308.109 | 466.934.331 |
| **Eignir samtals** | | 192.308.109 | 466.934.331 |

## Skuldir

| | Skýr | 2018 | 2017 |
|---|---|---|---|
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir | 4 | (1.164.545) | (1.073.100) |
| Skammtímaskuldir alls | | (1.164.545) | (1.073.100) |
| **Skuldir samtals** | | (1.164.545) | (1.073.100) |
| **Peningaleg staða** | | 191.143.564 | 465.861.231 |
| **Aðrir liðir** | | | |
| Ónýtt framlög - Búnaðardeild | | 0 | 278.265.090 |
| Óráðstafað eigið fé | | 191.143.564 | 187.596.141 |
| Aðrir liðir alls | | 191.143.564 | 465.861.231 |

# Sjóðstreymi ársins 2018

| | Skýr | 2018 | 2017 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Afkoma ársins | | 3.547.433 | 18.107.542 |
| **Hreint veltufé frá rekstri** | | 3.547.433 | 18.107.542 |
| **Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:** | | | |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | | (6.600.000) | 2.791.800 |
| **Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:** | | | |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | | 91.435 | (171.897) |
| | | (6.508.565) | 2.619.903 |
| **Handbært fé (til) frá rekstri** | | (2.961.132) | 20.727.445 |
| **Aðrar breytingar** | | | |
| Búnaðarsjóður | | (278.265.090) | 0 |
| | | (278.265.090) | 0 |
| **Breyting á handbæru fé** | | (281.226.222) | 20.727.445 |
| Handbært fé í byrjun tímabils | 2 | 466.934.331 | 446.206.886 |
| **Handbært fé í árslok** | | 185.708.109 | 466.934.331 |

## Skýringar

### 1. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Styrkir eru gjaldfærðir þegar stjórn sjóðsins hefur samþykkt styrkumsóknir og greitt þær út. Ekki er miðað við tímasetningu tjónsatburðar.

### 2. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnistæðum.

### 3. Laun og launatengd gjöld

| Laun og launatengd gjöld greinast þannig: | 2018 | 2017 |
|---|---|---|
| Laun | 690.000 | 2.680.590 |
| Launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður | 580.787 | 836.112 |
| | 1.270.787 | 3.516.702 |

### 4. Aðrar skammtímaskuldir

| Aðrar skammtímaskuldir sundurliðast þannig: | 2018 | 2017 |
|---|---|---|
| Bændasamtök Íslands | 1.164.545 | 1.073.100 |
| | 1.164.545 | 1.073.100 |

## Sundurliðanir

| **5. Rekstrargjöld** | **2018** | **2017** |
|---|---|---|
| Rekstrargjöld greinast þannig: | | |
| **Tjónabætur, Almenn deild** | | |
| Bætur vegna flóða | 9.524.455 | 0 |
| Tjónabætur, kal- og fóðurtjón | 0 | 4.781.269 |
| | 9.524.455 | 4.781.269 |
| **Laun og launatengd gjöld** | | |
| Laun, stjórn og starfsmaður | 690.000 | 2.680.590 |
| Launatengd gjöld | 137.952 | 459.517 |
| Bifreiðastyrkur | 118.140 | 124.740 |
| Dagpeningar | 186.300 | 207.600 |
| Ferðakostnaður | 138.395 | 44.255 |
| | 1.270.787 | 3.516.702 |
| **Sérkostnaður** | | |
| Húsaleiga | 0 | 556.864 |
| Hýsing tölvupósts, innranet, Office-pro, fjarvinnsla o.fl. | 140.364 | 0 |
| Framkvæmdastjórn og bókhþj. skv. samn. við BÍ (BSE 2017) | 1.564.272 | 0 |
| Burðargjöld | 2.520 | 10.265 |
| Bókhalds- og gjaldkeraþjónusta o.fl. skv. samningi við BÍ | 98.400 | 1.073.100 |
| Endurskoðun | 564.640 | 436.480 |
| Funda- og viðskiptakostnaður | 3.600 | 4.800 |
| Pappír, prentun og ritföng | 0 | 1.177 |
| Annar kostnaður | 0 | 60.000 |
| | 2.373.796 | 2.142.686 |

## Sundurliðanir

**Búnaðargjald**

| | | |
|---|---|---|
| Nautgriparækt | 0 | 2.216.566 |
| Sauðfjárrækt | 0 | 3.178.778 |
| Hrossarækt | 0 | 161.177 |
| Kartöflurækt | 0 | 212.907 |
| Gulrófnarækt | 0 | 51.649 |
| Æðardúnn | 0 | 119.777 |
| Eggjaframleiðsla | 0 | 723.399 |
| Alifuglarækt (önnur en eggjaframleiðsla) | 0 | 3.292.429 |
| Svínarækt | 0 | 1.512.147 |
| Heysala o.fl. | 0 | 111.671 |
| | 0 | 11.580.500 |

**Tjónabætur, Búnaðardeild**

| | | |
|---|---|---|
| Nautgriparækt | 0 | 6.105.065 |
| Sauðfjárrækt | 0 | 214.680 |
| Alifuglarækt (önnur en eggjaframleiðsla) | 0 | 2.980.186 |
| | 0 | 9.299.931 |

**Búnaðardeild, ónýtt framlög**

| | | |
|---|---|---|
| Óskipt framlög (fyrir 1996) | 0 | 162.960.997 |
| Nautgriparækt | 0 | 17.154.286 |
| Sauðfjárrækt | 0 | 9.608.804 |
| Hrossarækt | 0 | 9.257.823 |
| Kartöflurækt | 0 | (2.921.103) |
| Gulrófnarækt | 0 | (2.477.915) |
| Skógarafurðir | 0 | 924.000 |
| Grávara | 0 | 662.000 |
| Æðardúnn | 0 | 4.245.129 |
| Eggjaframleiðsla | 0 | 24.729.936 |
| Alifuglarækt (önnur en eggjaframleiðsla) | 0 | 6.968.747 |
| Svínarækt | 0 | 40.529.141 |
| Heysala o.fl. | 0 | 6.623.245 |
| | 0 | 278.265.090 |